



Banaslys 23.7.2006

Suðurlandsvegur við Eystri Rangá
Útafakstur / bifhjólaslys
Látinn 26 ára karlmaður
Tími sólarhrings: Dagur

Lýsing á slysi

Ökumaður þungs bifhjóls ók austur Suðurlandsveg síðdegis í björtu og þurru veðri. Nokkur hundruð metrum fyrir vestan brúna yfir Eystri Rangá ók hann bifhjólinu á afturhjólarbarðanum einum um stund. Í sömu andrá var bifreið ekið í gagnstæða stefnu yfir brúna. Rétt áður en bifhjólið og bifreiðin mættust, eða rúmlega 100 metrum vestan brúarinnar lenti framhjólið á malbikinu og stefndi bifhjólið framaná bifreiðina sem á móti kom. Í framhaldi missti ökumaður bifhjólsins stjórn á ökutækinu og rásaði hjólið til hægri og vinstri eina 88 metra eftir veginum. Ökumaðurinn féll fram fyrir bifhjólið, runnu maður og hjól út af veginum hægra megin miðað við akstursstefnu og lenti á hitaveituröri sem sést á mynd hér að neðan. Hjólið kastaðist svo um 44 metra frá rörinu og lenti í ánni.



Mynd tekin austur þjóvegin á þeim stað þar sem ökumaðurinn missir stjórn á hjólinu.



Mynd af hitaveiturörinu sem ökumaðurinn og bifhjólið lentu á.

Ökumaðurinn kastaðist af rörinu ofan í ána skammt frá bakkanum. Hann var íklæddur leðurgalla og með hjálm. Hjálmurinn losnaði af höfðinu þegar hann rakst á rörið og fannst brotinn hinumegin brúarinnar. Ökumaðurinn lést samstundis vegna mikilla áverka á höfði, brjóstkassa og kvið.

Bifhjólið var af gerðinni Aprilia RR og telst samkvæmt ökutækjaskrá Umferðarstofu 209 kg og 133,3 hestöfl.

Að mati sérfræðings var hraði bifhjólsins fyrir hemlun áætlaður vera á bilinu 146 til 194 km/klst. Líklegasti hraði var 168 km/klst. Í greinagerð sérfræðingsins kemur fram að ökumaðurinn var á bilinu 80 til 127 km/klst hraða við vegbrúnina.

Bifhjólið var skoðað af skoðunarmönnum Fræðslumiðstöðvar bílgreina. Ekkert kom fram í þeirri rannsókn sem benti til að bilun eða galli í hjólinu hefði átt þátt í slysinu.

Niðurstöður áfengis- og lyfjamælinga ökumanns bifhjólsins sýndu að hann var ekki undir áhrifum þegar slysið átti sér stað.

Orsakagreining

- Ökumaður bifhjólsins gerði sér það að leik að aka á afturhjólinu einu.
- Ökumaður bifhjólsins ók á ofsahraða.
- Hann missti stjórn á bifhjólinu og skall á hitaveituröri við brúarsporðinn.

Tillögur í öryggisátt

Rannsóknarnefnd leggur til að vegrið við brúna verði lengd í samræmi við nýjan vegstaðal. Vegriðið sem fyrir er stendur um 5 metra út frá enda brúarinnar. Mikilvægt er að nánasta umhverfi vega valdi ekki óþarfa áhættu í útafakstri. Í skýrslu nefndarinnar um banaslys við brúna yfir Norðurá við Sveinatungumúla þann 20.11.2005 kemur fram, að í svarbréfi vegagerðarinnar við fyrirspurn nefndarinnar um vegrið og frágang vegriða að heildarúttekt á vegriðum við vegakerfið stæði yfir (bréf dags. 21.12.2005). Vegagerðin gaf út vegstaðall um vegrið þann 20.12.2006. Þar kemur fram að vegrið yfir brýr á vegum sem bera 90 km/klst hámarkshraða skulu ná að minnsta kosti 60 metra frá brúnni auk endafrágangs.

Ábendingar

Rannsóknarnefndin ítrekar fyrri ábendingar sínar um aðgerðir gegn hraðakstri og mikilvægi þess að ökumenn gæti að öryggi sínu og annarra vegfarenda.

31.5.2007

Rannsóknarnefnd umferðarslysa